

Fundargerð skólaráðs Fjölbrotaskólans í Garðabæ

4. fundargerð á miðönn 23-24 miðvikudaginn 17. janúar kl. 11:15

1. Bréf til skólaráðs

A. Umsóknir um leyfi

Umsóknir um leyfi voru tólf að þessu sinni. Afgreiðsla umsókna um leyfi verður send á netfang viðkomandi nemanda. Ekki er hægt að sækja um leyfi fyrir fleiri en fimm dögum á önn. Leyfi vegna íþróttá og þátttöku í ungmennastarfi eru afgreiddar strax en umsóknir um önnur leyfi fá ekki endanlega afgreiðslu fyrr en í lok annar. Samþykkt leyfisumsókna er háð því að skólasókn sé að minnsta kosti 97% fyrir utan þá 1-5 daga sem sótt er um leyfi fyrir. Skólinn gefur ekki leyfi á námsmatsdögum.

B. Aðrar umsóknir

Nemandi sækir um undanþágu frá stærðfræði

Umsókninni er vísað til umsagnar stærðfræðideildar.

C. Úrsagnir úr námi

Sex nemendur hafa sagt sig úr námi frá síðasta fundi. Þeir eru þá orðnir tíu í allt á önninni, átta piltar og tvær stúlkur.

2. Af vettvangi NFFG

- Undirbúningur fyrir árshátíð sem haldin verður í Gamlabíó 14. mars er kominn á gott skrið sem og undirbúningur fyrir Imbrudaga.
- Gettu betur: Gettu betur lið skólans komst í undanúrslit og keppir í kvöld kl. 21.10, keppt er við Flensburg.
- Undankeppni fyrir söngvakeppni tókst mjög vel.
- Skíðaferð verður 3.-5. apríl nk.
- Nemendur óskuðu á síðasta fundi eftir að fá tvær einingar fyrir félagsstörf á vorönn eins og á haust- og miðönn. Beiðni þeirra hefur verið tekin til umfjöllunar hjá stjórnendum. Samþykkt að nemendur geti sótt um að fá tvær einingar fyrir vorönn í samráði við félagsmálafulltrúa skólans.

3. Önnur mál

A. Breytingar á lögum um framhaldsskóla nr. 92/2008

Berglind nefnir að slæmt sé að borðtennisborð sé farið. Nefnt að styrkja eigi vegginn en umgengni þarf að vera þannig að hægt sé að hafa borðið.

B. Vika gegn fordómum sem Hinseginfélagið stendur fyrir

Þriðjudaginn 24. febrúar verður haldinn fyrirlestur um ADHD í smiðjutíma.
Fimmtudaginn 26. febrúar halda Einhverfusamtökin fyrirlestur í smiðjutíma.
Báðir fyrirlesturarnir verða í stofu A-307.
Vikan endar svo á dragkeppni.

Fundinn sátu:

Kristinn Þorsteinsson, skólameistari

Anna María Gunnarsdóttir, aðstoðarskólameistari og fundarritari

Auður Sigurðardóttir, náms- og starfsráðgjafi

Berglind M. Valdimarsdóttir, forvarnafulltrúi

Dagný Hulda Broddadóttir, náms-og starfsráðgjafi

Guðmundur Stefán Gíslason, verkefnastjóri

Guðrún Fjóra Ólafsdóttir, forseti NFFG

Kristín Helga Ólafsdóttir, áfangastjóri

Laufey Svavarsdóttir, gjaldkeri NFFG

Tinna Ösp Arnardóttir, félagsmálafulltrúi